

Ársskýrsla 2002

Umsjón: Guðmundur Guðmundsson
Umbrot og prentvinnsla: HVÍTT&SVART, Sauðárkróki

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	7
Skipulag og starfsemi	10
Áætlun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005	11
Verkefni og áherslur í starfi Þróunarsviðs	20
Fjárhagur og rekstur	24
Ársreikningur Byggðastofnunar 2002	27
Útborgaðir styrkir	36
Hlutfé	37
Lög um Byggðastofnun	39
Reglugerð fyrir Byggðastofnun	41

Stjórn Bygðastofnunar



*Jón Sigurðsson
formaður*



*Guðjón Guðmundsson
varaformaður*



Arnbjörg Sveinsdóttir



Drífa Hjartardóttir



Gunnlaugur Stefánsson



Orri Hlöðversson



Örlygur Hnefill Jónsson



*Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri*

Formáli

Jafnræðisregla og góð stjórnýsla

Byggðastofnun hefur mikilvægum hlutverkum að gegna, alveg óháð stjórnmalavindum. Allri þróun fylgja viðfangsefni sem kalla á viðeigandi aðgerðir. Byggðamál eru óhjákvæmilegur og inngróinn hluti samfélags sem er í hraðri þróun og framför og hefur heilbrigðan þjóðlegan og þjóðfélagslegan metnað.

Byggðastofnun er annars vegar rannsóknar- og ráðgjafarstöð og hins vegar fjárfestingarlánastofnun. Byggðastofnun er hluti af stjórnýslusviði iðnaðarráðuneytisins. Hún lýtur lögum og reglugerð og á að fylgja jafnræðisreglu og skilmálum góðrar stjórnýslu. Byggðastofnun lýtur eftirliti Ríkisendurskoðunar og Fjármálaeftirlits og á að laga sig að reglum þeirra og fyrirmælum.

Byggðastofnun hefur sérstakar fyrirgreiðslureglur, sérstakar viðmiðanir, sérstök lánakjör, sérstakar áherslur og sérstaklega skilgreint starfssvæði. Á þessum grundvelli m.a. ber að móta verklagsreglur stofnunarinnar og tryggja góða stjórnýslu, jafnræðisreglu og gegnsæi, svo og ábyrgt ákvarðanaferli á tilsettum tíma og málefnalegar kröfur til viðskiptamanna um fullnægjandi undirbúning og upplýsingar.

Byggðastofnun fer með fé skattborgaranna. Það er mikilvægt að heiðarlegir menn geti treyst því að þeir fái heiðarlega umfjöllun og afgreiðslu í Byggðastofnun.

Byggðastofnun mótar ekki byggðastefnu, heldur framfylgir þeirri stefnu sem stjórnvöld marka og vinnur að þeim verkefnum sem iðnaðarráðuneytið vísar til hennar. Byggðastofnun er því ekki allra-meina-bót á sínu verkssviði eða starfssvæði. Hún tekur umsóknir til umfjöllunar á þeim forsendum sem umsækjendur lýsa. Hún á að afgangi umsóknir á svipaðan hátt og aðrar fjárfestingarlánastofnanir, að teknu tilliti til sérstakra reglna, viðmiðana og starfssvæðis.

Öll reynsla bendir til þess að skilyrði árangurs sé einkum að fjárfesting verði arðbær, að við ákvörðun um lánveitingu sé annars vegar miðað við sérreglur og viðmiðanir stofnunarinnar og hins vegar jafnframt stranglega litið á viðskiptalegar og rekstrarlegar forsendur en ekki á hugsjónir eða óskadrauma. Vonbrigði fólksins og erfiðleikar í byggðunum vaxa með sérhverju láni sem ekki skilar sér í varanlegum arðbærum störfum. Með lausatökum á þessu er unnið gegn hagsmunum almennings.

Í ágúst 2002 tóku nýjar verklagsreglur gildi um lánamál Byggðastofnunar. Ný heildarútgáfa verklagsreglna á fyrirtækjasviði Byggðastofnunar kom síðan út í nóvember 2002. Með þessum verklagsreglum voru röttæk skref stigin í anda jafnræðisreglu og annarra gildandi stjórnýslureglna. Með þessu breyttust starfshættir í stofnuninni. Sett var skýr verkaskipting stjórnar annars vegar og hins vegar forstöðumanna og starfsmanna stofnunarinnar, til þess m.a. að tryggja jafnræðisreglu, gegnsæi og góða stjórnýslu en efla eftirlits- og stefnumótunarhlutverk stjórnarinnar.

Innan Byggðastofnunar hefur undirbúningsvinnu og tillögugerð um stefnumótun og starfshætti verið haldið áfram undir forystu forstjóra og stjórnar. Snemma árs 2003 hófst einnig umfjöllun um áhættugreiningu og áhættustjórnun, veð og tryggingar og forsendur við mat á þessum þáttum. Í þessari vinnu er mið tekið af þeim sjónarmiðum sem nú um stundir þykja til fyrirmyndar um stjórnýslu og vinnubrögð opinberra þjónustustofnana.

Fjöldamörg atriði koma til álita í vinnu við verklagsreglur og stefnumótun. Nefna má þessi:

- Samstæðar verklagsreglur fyrirtækjasviðs, um lánamál, styrki og samfjármögnun. Viðmið um áhættustýringu, áhættumat, veð, tryggingar o.þ.h. Reglur um mælistikur, skiptingu og ákvarðanir. Siðareglur stofnunarinnar.

- Öryggisreglur um persónulegar og viðskiptalegar upplýsingar. Reglur um skjalavistun, gagnamedferð, og trúnaðarmálefni. Reglur um innra eftirlit og innherjaviðskipti.

- Starfsreglur stjórnar, um vanhæfi, um verka-skiptingu í stofnuninni, hlutverk stjórnar, o.fl.

- Starfslýsingar allra starfa. Starfsmanna-stefna, fræðslustefna, jafnréttisstefna, fjöl-skyldutillit.

- Gæðastjórnunar- og gæðapróunarkerfi, reglur um þjónustugæði o.s.frv.

- Verkefnaáætlanir starfssviða stofnunarinnar, um vinnumagn, tímasetningar og verkaskil. Áætlanagerð og skýrslugerð stofnunarinnar, starfssviða og starfsmanna. Ársáætlanir og ársmarkmið, skýrslur um árangur, stefnumiðað árangursmat. Viðmið um árangursmat, afkastamælingar, kennitölur um starfsemina. Tölfræðiupplýsingar um starfsemina ár frá ári, árangur og afköst.

- Eftirfylgni ákvæða frá Fjármálaeftirliti og Ríkisendurskoðun. Eftirfylgni ákvæða í stjórnsýslulögum og upplýsingalögum. Verklag við mat á raunvirði eigin fjár og varðandi CAD-reglur. Eignaskrá og reglu-bundin uppfærsla hennar. Reglur um innkaup, þ.á m. innkaup þjónustu og sér-fræðivinnu.

- Öryggisreglur, um eldvarnir, starfsmenn, hús, áhöld og tæki. Umhverfisstefna.

- Upplýsingar á heimasíðu, eyðublöð o.þ.h. Þegar þetta er ritað er þessum verkefnum engan veginn lokið, og reyndar verða þau viðvarandi í starfsemi slíkrar stofnunar. En ætlunin er að ná marktækum áfanga á árinu 2003. Stjórn stofnunarinnar mun eðlilega eiga virkan þátt í öllu þessu starfi, og enn-fremur verður nauðsynlegt að leita til Ríkisendurskoðunar og Fjármálaeftirlits um ýmsa þætti.

Með þessu starfi er Byggðastofnun efl-d og styrkt til framtíðar. Treysta ber og efla innviði stofnunarinnar, starfshætti, mælistikur og skilvirkni. Byggðastofnunar bíða mikilsverð verkefni um ókomin ár, og það ber að vanda sem vel og lengi á að standa.

Ég þakka öðrum stjórnarmönnum og öllum starfsmönnum Byggðastofnunar fyrir góð kynni og samstarf.

Jón Sigurðsson
formaður stjórnar 2002-2003

Inngangur

Árið 2002 var fyrsta heila starfsár stofnunarinnar frá því að hún fluttist frá Reykjavík til Sauðárkróks hinn 1. júní 2001. Framkvæmdum við breytingar og endurbætur á húsnæði stofnunarinnar við Ártorg 1 lauk í mars, og sameinaðist stofnunin þá öll undir einu þaki, en þróunarsvið Bygðastofnunar hafði frá árinu 1998 verið staðsett í stjórnsýsluhúsinu við Skagfirðingabraut. Breytingarnar eru vel heppnaðar og henta starfseminni mjög vel.

Flutningur stofnunarinnar heppnaðist vel þegar á heildina er lítið. Þó er ljóst að það að rífa rótgrónar stofnanir upp úr sínu fyrra umhverfi er mjög sársaukafull aðgerð fyrir það fólk sem þar hefur unnið árum, og jafnvel áratugum saman. Skiljanlegt er að það vefjist fyrir starfsfólkinu að flytja sig um set með starfseminni. Við slíkar aðstæður er hætt við að mikið rót komist tímabundið á starfsemina. Þegar stofnun af þessari stærð er flutt verða aðstæður að vera góðar í því sveitarfélagi sem stofnunin er flutt til. Mikilvægt er að gott samstarf takist við viðkomandi sveitarfélag á undirbúningstímanum. Tryggja verður að þeir starfsmenn sem ráðnir verða eigi kost á hentugu leiguhúsnæði fyrst um sinn, enda ekki raunhæft að fólk sem er að flytjast á nýjan stað, jafnvel þar sem það hefur aldrei komið fyrir, byrji á að kaupa sér fasteign á staðnum.

Mikilvægt er að geta aðlagast nýjum aðstæðum í öruggu leiguhúsnæði. Sveitarstjórn Skagafjarðar sýndi þessu mikinn skilning, og því tókst þetta vel. Þá er ekki síður mikilvægt að makar þeirra sem hefja störf hjá stofnuninni eigi kost á atvinnu við hæfi.

Þá er mikilvægt fyrir stofnun eins og Bygðastofnun að samgöngur séu greiðar til allra átta. Það leiðir af eðli starfseminnar að starfsfólk stofnunarinnar ferðast mikið um allt landið, auk þess sem fólk alls staðar af landinu á við hana erindi. Af þessu leiðir að mikið er þrýst á forstjóra og starfsmenn að sinna ýmsum erindum bæði á landsbyggðinni og í Reykjavík. Sá þrýstingur kemur ekki sist frá aðilum innan stjórnsýslunnar sem stofnunin hefur mikil og regluleg samskipti við. Ferðakostnaður hefur því aukist verulega frá því sem áður var, eða um það bil 50%.

Þriðji ársfundur stofnunarinnar var haldinn í Hnífsdal 21. júní 2002. Auk hefðbundinna verkefna aðalfundarins var haldið málþing um byggðamál með áherslu á byggðamál Vestfjarða. Þar fjallaði Kristján Skarphéðinsson skrifstofustjóri í iðnaðar ráðuneyti um stefnu ríkisstjórnar í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, Ólafur Kristjánsson, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Aðalsteinn Óskarsson, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða um stefnumótun í byggðamálum á Vestfjörðum og Grétar Þór Eypórs-son frá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri fjallaði um byggðarannsóknir.

Á fundinum lét Theodór A. Bjarnason forstjóri af störfum og tilkynnti Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra að hún hefði sett Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóra Bygðastofnunar til 31. desember 2002. Kristinn H. Gunnarsson formaður stjórnar Bygðastofnunar gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, og var Jón Sigurðsson hagfræðingur skipaður formaður stjórnar í hans stað, en stjórn stofnunarinnar að öðru leyti óbreytt.

Starf forstjóra var auglýst laust til umsóknar í október og bárust 16 umsóknir. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði Aðalstein Þorsteinsson forstjóra til næstu fimm ára frá og með 1. janúar 2003.

Framlag úr ríkissjóði til starfseminnar á árinu 2002 nam 277 m.kr. Ekki verður að óbreyttu um frekari framlög úr ríkissjóði að ræða til fjárfestinga á vegum Bygðastofnunar í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni, en á undanförunum 4 árum hefur alls 900 m. kr. verið varið til þess verkefnis. Ljóst er að lítið svigrúm er á árinu 2003 til hlutafjárkaupa á vegum stofnunarinnar. Framlög til atvinnuþróunarfélaga á árinu námu alls 107 m.kr. og skiptast þau á milli 8 atvinnuþróunarfélaga. Stofnunin lánaði 2,1 milljarð kr. á árinu 2002. Útistandandi lán í árslok 2002 námu alls 11,3 milljörðum. Samkvæmt starfsáætlun er gert ráð fyrir að útlán á árinu 2003 verði 2,7 milljarðar, styrkir að hámarki 23 m.kr. og keypt hlutafé 60 m.kr. Hér ber þó að hafa í huga að á fundi sínum þann 11. febrúar 2003 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka 700 m.kr.

fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna og hefur Bygðastofnun verið falið að annast framkvæmd þess verkefnis að stærstum hluta. Þannig verður væntanlega 350 m.kr. varið til kaupa á hlutafé í álitlegum sprotafyrirtækjum og fyrirtækjum í skýrum vexti. Þá er stofnuninni heimilað að verja allt að 150 m.kr. til að hafa frumkvæði um rekstur vel mótaðra styrkverkefna sem eru til þess fallin að efla grunngerð atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni. Verkefni þetta er ekki tímasett að öðru leyti en því að því er ætlað að ná yfir 18 mánuði. Það mun því að einhverju leyti koma til framkvæmda á árinu 2003.

Á árinu 2002 afskrifaði stofnunin endanlega veitt lán að upphæð um kr. 452 m. kr. Er þar að stærstum hluta um að ræða lán sem veitt voru á árunum 1997 til 2000. Þá var hlutafé í eigu stofnunarinnar niðurfært um alls 106 m. kr. Hlutfall afskriftarreiknings af útlánum í árslok 2002 var 12,65%. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar í árslok 2002 var 11,78% og hefur lækkað um hart nær 5 prósentustig frá árinu 2001. Miklar afskriftir hafa haft áhrif á eiginfjárstöðuna og fyrirséð er að á árinu 2003 mun aftur reyna verulega á afskriftarreikninginn. Fyrirsjáanlegar eru miklar afskriftir á árinu, einkum í ferðapjónustu. Þannig hefur stofnunin þurft að leysa til sín hótél á landsbyggðinni á uppboðum árið 2001 og 2002, og það sem af er árinu 2003. Eitthvert framhald mun verða á þessu. Endursóluverð þessara fasteigna hefur verið langt frá því að standa undir lánum stofnunarinnar. Ljóst er að víða hefur verið farið offari í uppbyggingu gistirýmis á landsbyggðinni og nýting almennt langt fyrir neðan það sem þörf er á.

Eftirspurn eftir lánsfé Bygðastofnunar er nú langt umfram framboð. Þetta, ásamt versnandi afkomu stofnunarinnar, leiðir til þess að nauðsynlegt er að forgangsraða verkefnum. Vega verður upp áhættu stofnunarinnar í einstökum áhættusömum verkefnum með útlánum til verkefna með lítilli áhættu. Ljóst má vera að stofnunin getur ekki leyst úr vanda allra þeirra sem til hennar leita. Eitthvað verður því um að verkefnum sé hafnað jafnvel þó svo að tryggingar og rekstrarforsendur séu metnar fullnægjandi.

Þróunarsvið stofnunarinnar vann að ýmsum málum á árinu. Þar má nefna innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Þróunarsviðið vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs. Einnig vinnur sviðið að því að auka þekkingu og skilning á þáttum, sem teljast gera búsetu aðlaðandi á landsbyggðinni. Þar má telja umhverfismál, samgöngur, menntun, verslun, þjónustu, menningarmál o.fl. Sviðið hefur náð víðtækri samvinnu við háskóla, rannsóknarstofnanir, atvinnuþróunarfélög, menningarstofnanir og ferðamálaráðgjafa og er ráðgert að treysta þetta samstarf enn frekar. Bygðastofnun tekur eftir atvikum þátt í erlendum samstarfsverkefnum á sviði byggða- og atvinnuþróunar, m.a. innan ramma Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Stofnunin starfar m.a. með Norrænu Atlantisnefndinni (NORA) við úrvinnslu styrkum-sókna og eftirfylgni verkefna sem hljóta styrki. Þá hefur stofnunin fagleget samstarf við ýmsa erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Bygðastofnun fylgist með framkvæmd byggðaáætlunar, þar sem lýst er markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengslum byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Framkvæmd byggðaáætlunarinnar er á höndum margra aðila, en Bygðastofnun fylgist með framkvæmd hennar og hefur samband við aðila eftir því sem þörf krefur. Bygðastofnun stóð fyrir gerð nokkurra skýrslna á árinu sem ýmist voru unnar af þróunarsviði stofnunarinnar eða aðkeypt þjónusta var fengin til. Þessar skýrslur má finna á heimasíðu stofnunarinnar:

www.byggdastofnun.is.

Stjórn Byggðastofnunar

Jón Sigurðsson, formaður
 Guðjón Guðmundsson, varaformaður
 Arnbjörg Sveinsdóttir
 Drífa Hjartardóttir
 Gunnlaugur Stefánsson
 Orri Hlökkversson
 Örlygur Hnefill Jónsson

Skrifstofa forstjóra

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Próunarsvið

Bjarki Jóhannesson
 Guðmundur Guðmundsson
 Hildur Claessen
 Ingunn H. Bjarnadóttir
 Sigríður Elin Þórðardóttir
 Snorri Björn Sigurðsson
 Þórarinn Sólmundarson

Ráðgjafar

Bjarnheiður Jóhannsdóttir
 Haraldur A. Haraldsson
 Helga Björg Ragnarsdóttir

Fyrirtækjasvið

Vilhjálmur Baldursson
 Magnús Helgason
 Pétur Grétarsson
 Viðar Einarsson

Rekstrarsvið

Friðbjöfur Max Karisson
 Ásdís Jónasdóttir
 Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir
 Helga Sturludóttir
 Jóhanna Birgisdóttir
 Lovísa Simonardóttir
 Rákel Breiðfjörð Pálsdóttir

Lögfræðisvið

Hjalti Árnason
 Helga Eyjólfsdóttir
 Margrét Helgadóttir

Stjórn og starfsfólk Byggðastofnunar

Skipulag og starfsemi

Í stjórn Byggðastofnunar sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar samkvæmt lögum sem tóku gildi 1. janúar 2000. Ný stjórn var skipuð á ársfundi Byggðastofnunar, sem haldinn var í Hnífsdal 21. júní 2002. Stjórnin ákveður starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð, ákveður starfsáætlun, rekstraráætlun og fjallar um skýrslur um starfsemina. Stjórnin tekur ákvarðanir um veitingu lána, styrkja og ábyrgða, svo og lánskjör og lántökur. Árið 2002 hélt stjórnin 14 fundi. Forstjóri annast daglega stjórn Byggðastofnunar og gerir tillögur til stjórnar um þá þætti sem hún skal ákveða. Forstjóri ræður starfsfólk að stofnuninni. Öll regluleg starfsemi Byggðastofnunar er á Sauðárkróki. Á skrifstofunni eru fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið.

Fyrirtækjasvið fjallar um umsóknir um lán og styrki og annast úttektir á fyrir-

tækjum. Lögfræðisvið hefur umsjón með lögfræðilegri þjónustu, innheimtu og skjalagerð. Rekstrarsvið sér um bókhald, greiðslur, innheimtu lána og rekstrar- og greiðsluáætlanir. Þróunarsvið hefur umsjón með úttektum og öðru þróunarstarfi. Þróunarsvið sér einnig um að samræma starf atvinnuþróunarfélaga sem starfa með stuðningi Byggðastofnunar. Stofnunin sinnir ýmsu samstarfi í byggðamálum fyrir Íslands hönd.

Starfsmenn Byggðastofnunar á Sauðárkróki voru 20 um áramót, en að auki störfuðu jafnréttisráðgjafar á Blönduósi og á Egilsstöðum og atvinnuráðgjafi í Vesturbýggð á vegum stofnunarinnar.

Stefnumótandi byggðaaáætlun 2002-2005

Alþingi samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum 3. maí 2002:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002-2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.

b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örrí samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.

c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.

d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við áttþaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.

e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.

Samþykkt Alþingis fylgdu einnig tillögur um einstakar aðgerðir og er nú unnið að framkvæmd þeirra. Tillögur að aðgerðum eru eftirfarandi:

1. Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið hafi forustu um að sameina krafta þeirra opinberu aðila og félaga sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um sameiningu atvinnuþróunarstarfs á vegum iðnaðarráðuneytisins. Lagt er til að nýsköpunarmiðstöð, sbr. frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, verði falið að samræma þessa starfsemi á landsvísi og að veita henni faglegan stuðning. Gert er ráð fyrir að starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar verði komið fyrir í fyrirhuguðu Rannsóknar- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri.

Markmið

Að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og hafa frumkvæði að þróun við skiptahugmynda. Nýsköpunarmiðstöðinni verði tryggt fjármagn til að þróa verkefni í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, háskóla og/eða aðra. Þannig verði meginmarkmið starfseminnar að auka fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Sérstök áhersla verði lögð á að þróa ný atvinnutækifæri í minni byggðarlögum þar sem atvinnulíf er einhæft. Áherslur í starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar taki mið af byggðaaáætlun og áherslum Vísinda- og tækniráðs Íslands. Með þessu fyrir komulagi verður atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni fært að nýsköpun vísinda- og tæknimála.

Ábyrgð á framkvæmd

Iðnaðarráðuneyti.

2. Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs.

Meginhugmynd

Að auka samvinnu þeirra opinberu sjóða sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og uppbyggingar atvinnulífs, þ.e. Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs land-

búnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, lána starfsemi Bygðastofnunar og átaks til atvinnusköpunar.



Markmið

Að samþætta krafta opinberra sjóða sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, með höfuðáherslu á landsbyggðina, hvað varðar alhliða lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, stofnstyrki, áhættulán og verkefnafjármögnun.

Ábyrgð á framkvæmd Bygðastofnun.



3. Stækkun og efling sveitarfélaga.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um að vinna markvisst að því að stækka sveitarfélögin í landinu á næstu árum. Þetta verði m.a. gert með hækkun á lágmarksíbúatölu samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Jafnhliða verði reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytt til að þær stuðli markvisst að þessari þróun. Má þar nefna að tekjuhá sveitarfélög greiði til sjóðsins, einnig að framlög úr sjóðnum verði byggð á almennum reglum en í minna mæli á því hvernig sveitarfélögin leysa verkefnin af hendi. Samhliða þessu verði undir forustu félagsmálaráðuneytisins unnið áfram að því að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga mark vissari og breyta tekjustofnum sveitarfélaga til samræmis við breytt verkefni.

Markmið

Að efla sveitarstjórnarstigið, treysta sjálfsforræði og sjálfsmynd byggðarlaga, gera stjórnslu þeirra markvissa, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði. Stækkun sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins er mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu byggðarlaga hvar sem er á landinu.

Ábyrgð á framkvæmd Félagsmálaráðuneyti.



4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Meginhugmynd

Að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru, í tengsl um við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja, þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á fót og hugsanlega með flutningi stofnana.

Markmið

Að efla stærstu byggðarlögin á landsbyggðinni jafnframt því sem opinber verkefni og þjónusta eru endurskipulögð og starfsemin gerð árangursríkari.

Að opinberar stofnanir á landsbyggðinni hafi ekki aðeins svæðisbundið þjónustu hlutverk með höndum heldur verði stofnanir sem þjóna öllu landinu einnig staðsettar á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd Forsætisráðuneyti.



5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks.

Meginhugmynd

Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar fram tillögur um breytingar ef þurfa þykir. Í því sambandi verði m.a. horft til reynslu nágrannaþjóða.

Markmið

Að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskilyrðum á landinu. Jafnframt er mikilvægt að rannsökuð verði áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt, m.a. til niðurgreiðslu á húshitun, námskostnaði, jöfnun raforkuverðs og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti.

Ábyrgð á framkvæmd

Iðnaðarráðuneyti.

6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Meginhugmynd

Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnu veganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar

hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Skoðaðar verði sérstaklega skattalegar aðgerðir og í því sambandi horft til reynslu nágrannaþjóða. Á grundvelli rannsóknar verði lagðar fram tillögur um aðgerðir.


Markmið

Að fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrir tækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þunga-skatt og áhrif tryggingagjalds og virðisauka skatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni.



Ábyrgð á framkvæmd

Iðnaðarráðuneyti.



7. Byggaáætlun fyrir Eyjafjörð.

Meginhugmynd

Að ríkið og sveitarfélögin vinni saman að gerð byggðaáætlunar um það hvernig megi styrkja byggð við Eyjafjörð svo fólki fjölgi þar á næstu árum um a.m.k. 2-3% á ári og að atvinnulíf og menningarlíf eflist. Unnið verði að eflingu Akureyrar sem skóla bæjar og menningarmiðstöðvar, svo og að eflingu ferðaþjónustu, fiskeldis og fleiri atvinnugreina á svæðinu. Einnig verði unnið að flutningi starfa og verkefna í opinberri þjónustu til svæðisins, t.d. á sviði sjávarútvegs í tengslum við uppbyggingu rannsókn- og nýsköpunarhúss við Háskólann á Akureyri. Þá felast margvísleg

sóknarfæri í að efla starfsemi Fjórðungs-sjúkrahússins á Akureyri.

Markmið

Að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugasta þéttbýlissvæðið utan höfuð borgarsvæðisins og styrkja þannig jafnframt byggð á Mið-Norðurlandi. Mikilvægt er í því sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað það sem bætir mannlíf á staðnum og dregur fólk að.



Ábyrgð á framkvæmd
 Iðnaðarráðuneyti.

8. Efling núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarseturs.

Meginhugmynd



Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri var stofnaður árið 1999. Skólinn er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans. Nauðsynlegt er að treysta forustuhlutverk skólans á sviði fræðslu og rannsókna í þágu landbúnaðarins í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Með markvissu samstarfi öðlast þessar stofnanir meiri burði til þess að sinna hlutverki sínu á sviði rannsóknar og

fræðslu og keppa um innlent og erlent rannsóknafé og hæfustu starfskrafta en nú er. Nauðsynlegt getur verið að huga að breytingum á rekstrarformi skólanna sem geri þeim kleift að afla sértekna með sölu þjónustu og samstarfi við fyrirtæki, samtök o.fl. aðila.

Markmið

Að sameina krafta rannsóknar- og fræðslustofnana landbúnaðarins í öflugu átaki til eflingar landbúnaði og atvinnulífi í sveitum almennt.

Ábyrgð á framkvæmd
 Landbúnaðarráðuneyti.

9. Efling fiskeldis.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um upp-



byggingu fiskeldis í landinu þar sem lögð verði áhersla á rannsóknar- og þróunarstarf, fræðslu og meiri fjárhagslegan stuðning við þróunar- og markaðsstarf í greininni. Áhersla verði lögð á að byggja upp seiðaeldi á þorski.

Markmið

Að tryggja áfram sterka stöðu Íslendinga á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir þar sem samkeppni við eldisafurðir fer vaxandi. Að nýta þau sóknarfæri sem eru í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar á Íslandi, m.a. með nýtingu jarðhita og aðgangi að sjó og fersku vatni. Að efla atvinnugrein sem hentar vel til uppbyggingar í dreifbýli, en mun byggjast mjög hægt upp ef ekki kemur til öflugur

stuðningur hins opinbera við rannsóknir og markaðspróun.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðar-ráðuneyti.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli.



Meginhugmynd

Skipaður verði starfshópur á árinu 2002 er fjalli um fjarskiptamál í dreifbýli. Skal starfshópurinn kanna möguleika á að leggja ljósleiðara til allra lögheimila í dreifbýli. Telji hann slíka framkvæmd fýsilega skal hann setja fram áætlun um hvernig þetta skuli gert, hvenær og hve mikið framkvæmdin kosti. Skal starfshópurinn skila af sér fyrir lok ársins 2002.

Markmið

Að kanna hvort fýsilegt sé að leggja ljósleiðara um sveitir landsins og leysa þannig þarfir dreifbýlisins fyrir góðar tengingar. Með slíkum ljósleiðara er hægt að bjóða alla fjarskiptapjónustu, þar á meðal stafrænt sjónvarp og útvarp. Með ljósleiðaravæðingu fæst góð lausn fyrir fjarskiptatengingar bæði heimila og fyrirtækja. Ljósleiðarar geta borið nærri ótakmarkaðan gagnaflaum, takmörkin eru einungis í búnaðinum sem tengdur er við ljósleiðara. Ljósleiðarar eru ódýrir en endabúnaðurinn er dýr og dýrt er að leggja ljósleiðara langar vegalengdir. Tækni framfarir í ljósleiðaratækni eru stórstigar nú og búnaður lækkar óðum í verði.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Meginhugmynd

Notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu.

Markmið

Að mishár fjarskiptakostnaður skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Að þessi munur verði jafnaður með jöfnunargreiðslum úr ríkissjóði. Þessu má líkja við jöfnun á raforkukostnaði sem hefur tíðkast á Íslandi um árabíl. Nú er svo komið að aðgengi að góðum fjarskiptum fer að vega álíka mikið við rekstur fyrirtækja og aðgengi að raforkunetinu. Jöfnun fjarskiptakostnaðar lýtur því sömu rökum og jöfnun raforkukostnaðar.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti.



12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Meginhugmynd

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að stefnumörkun á sviði „rafrænnar“ menntunar, auk þess sem margt hefur áunnist í þessum málaflokki. Lagt er til að haldið verði markvisst áfram á þeirri braut sem ráðuneytið hefur mark að. Í því sambandi er lögð áhersla á að starfsemi

símenntunarstöðva verði eflað með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna“ nemendahópa við kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólástigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.

Markmið

Að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun á öllum stigum, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Þetta á einnig við um starfsnám þar sem nemendur geta sinnt bóklegu námi í fjarnámi en verklegu námi í heimabyggð. Þá hefur mikilvægi símenntunar aukist á undanförunum árum og þarf hún að standa almenningi til boða óháð búsetu.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti.



13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera.

Meginhugmynd

Hið opinbera geri fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir þar sem fram komi hvornig opinberum starfsmönnum verði gert kleift að vinna störf sín að hluta eða öllu leyti í fjarvinnslu. Einnig hvornig hið opinbera geti í auknum mæli keypt fjarvinnsluverkefni í verktöku af fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi verktökum.

Markmið

Að skapa tækifæri fyrir fólk til að búa fjarri vinnustað ríkisstofnana og eiga þannig kost á störfum við hæfi óháð búsetu. Fjölmörg störf í þekkingarsamfélagi nútímans eru þess eðlis að í stað þess að starfsmaður mæti daglega á vinnustað nægir að hann mæti til dæmis 1–3 daga í viku. Þetta gerir að verkum að fólk getur ferðast mun lengri vegalengd á vinnustað sinn en ef því væri skylt að mæta þangað daglega. Fjarvinnsla eykur jafnframt möguleika fólks til „tvöfaldrar búsetu“, en hún hefur aukist á undanförunum árum. Einnig eykur fjarvinnsla möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem er kostur fyrir fjölskyldufólk. Ef kostir fjarvinnslu verða hagnýttir fyrir umtals verðan hluta vinnu- og atvinnulífsins er líklegt að það dragi úr umferð vegna færri ferða fólks til og frá vinnu og bjóði jafnframt upp á nýjar og hagkvæmar lausnir í skipulagsmálum. Loks má nefna að fjarvinnsla getur sparað ríkinu húsnæðis- og ferðakostnað.

Ábyrgð á framkvæmd

Fjármálaráðuneyti.



11. Verkefnið „rafrænt samfélag“.

Meginhugmynd

Stofnað verði til verkefnisins „rafrænt“ samfélag, sem felur í sér að bjóða 2–3 fram sæknum byggðarlögum framlag úr ríkissjóði á móti eigin framlagi til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum

sem hafa að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið.

Markmið

Þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni mun m.a. byggjast á því hvernig ein staklingum og fyrirtækjum tekst að tileinka sér upplýsinga- og fjarskiptatæknina og hagnýta sér hina margvíslegu notkunarmöguleika hennar. Netnotkun á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, enda er markviss notkun netsins einn mikilvægasti þáttur í því að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar. Til þess að landsbyggðin verði virkur þátttakandi í þessari þróun þarf að treysta stöðu „upplýsingasamfélags ins“ úti um landið. Í þeim tilgangi er lögð fram þessi tillaga að framsæknu reynslu verkefni sem getur orðið fyrirmynd að uppbyggingu upplýsingasamfélagsins víðs vegar um land.

Ábyrgð á framkvæmd

Byggðastofnun.



15. Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum.

Meginhugmynd

Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í því sambandi er lagt til að stuðlað verði að þátttöku sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum og að Ísland taki þátt í Northern Periphery verkefninu.

Markmið

Að auka þátttöku landsbyggðarfyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi, en hún hefur verið fremur lítil. Þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi hefur aukist verulega á undanförunum árum, ekki síst í kjölfar EES-samningsins. Íslendingar hafa náð mjög góðum árangri á sumum sviðum alþjóðlegs samstarfs, einkum með þátttöku í rammaáætlunum Evrópusambandsins. Þá þurfa Íslendingar að fylgjast vel með stefnu annarra þjóða í byggða- og atvinnumálum og nýta sér þær hugmyndir sem líklegar eru til að geta gagnast í þeim málaflokkum hér á landi. Mikilvægt er að samþætta ólíkar aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum, svo sem í samgöngumálum, menntamálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum, félagsmálum og umhverfismálum. Í því sambandi er gagnlegt að draga lærdóm af reynslu annarra þjóða af samræmdri byggðastefnu.

Ábyrgð á framkvæmd

Iðnaðarráðuneyti.



16. Aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið láti gera áætlun um hvernig hægt sé að auka verðmæti sjávarfangs og fiskeldis með sérstakri áherslu á nýtingu aukaafurða. Gert verði yfirlit yfir allar þær aukaafurðir sem ekki eru nýttar og sett fram áætlun um hvernig hægt verði að nýta þær í framtíðinni. Stuðlað verði að samstarfi sjávarútvegsfyrirtækja, háskóla, sjóða og rannsóknastofnana um rannsóknir og frumkvöðlastarf á þessu sviði með sérstakri



áherslu á líftækni og nýjar vinnsluleiðir.

Markmið

Að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í sjávarútvegi og fiskeldi og stuðla þannig að sterkari stöðu til sjávar og sveita.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

17. Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísi.



Meginhugmynd

Að landsstefna verði mótuð fyrir þjóðmenningarstofnanir til að bæta þjónustu þeirra við landsbyggðina. Þetta er nauðsynlegt skref í kjölfar lagasetningar t.d. á sviði minjavörslu, samninga ríkis og sveitarfélaga, nýrra leiða í rekstri og fjármögnun menningarmála, samninga um árangursstjórnun við stofnanir og átaks í upplýsinga tækni. Nýleg lög, samningar og reglugerðir gera ráð fyrir miklum skipulagsbreytingum, m.a. með tilkomu nýrra stofnana. Verkefni á sviði rannsókna, varðveislu og miðlunar menningar eru orðin mjög aðkallandi. Því er brýnt að stofnanir og einstaklingar sem starfa á þessu sviði stilli saman strengi við nýjar aðstæður.

Markmið

Að þjóðmenningarstofnanir bæti og efla samstarf og þjónustu við landið allt með því að taka faglega forustu um stefnumótun í menningarmálum sem geti orðið grundvöllur frekari samninga- og áætlanagerðar stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila sem

starfa að menningarmálum á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti.

18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.



Meginhugmynd

Að stofnað verði til skipulegs samstarfs við háskólastofnanir undir forsjá miðstöðvanna og á grundvelli óska þeirra.

Markmið

Að bæta möguleika fólks á Vestfjörðum og Austurlandi til að afla sér háskólamenntunar og skapa þar um leið forsendur fyrir fjölbreytilegra atvinnulífi og sérhæfðari störfum. Að efla fræðslu- og rannsóknasamstarf háskólastofnana og heimamanna í þessum landshlutum og vera nemendum og kennurum þeirra hvatning til að efna til og efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir í landshlutunum.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti.

19. Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli þar sem lögð verði áhersla á rannsókn- og þróunarstarf, tengsl við skipulagsvinnu sveit arfélaga og markaðssetningu ferðaþjónustu í dreifbýli. Jafnframt verði stórukin fræðsla



og starfsmenntun í greininni. Þetta verði gert með fjárhagslegum stuðningi við þróunar- og markaðsstarf. Lögð sé áhersla á að uppbygging sé háð getu hvers svæðis til að þróa ferðaþjónustu án þess að það komi niður á umhverfislegum, félagslegum eða menningarlegum þáttum svæðisins.

Markmið

Að tryggja markvissa uppbyggingu og sjálfbæra þróun greinarinnar, bæta arðsemi fjárfestinga hins opinbera og einkaaðila og auka samkeppnishæfi einstakra svæða á landsbyggðinni og efla þar með íslenska ferðaþjónustu almennt.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti.

20. Endurgreiðsla námslána.

Meginhugmynd

Að bjóða ungu fólki sem sest að á svæðum þar sem skortur er á fólki með háskóla menntun tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána.

Markmið

Að hvetja ungt fólk með menntun á háskólastigi til að setjast að og starfa úti á landi, og taka þannig þátt í uppbyggingu byggðarlaga þar sem menntað fólk vantar til starfa, og til að byggja upp ný fyrirtæki.

Ábyrgð á framkvæmd

Fjármálaráðuneyti.

21. Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga.

Meginhugmynd

Að efla umhverfisstarfsemi sveitarfélaga með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, jafnframt því að mynda stuðningsnet fyrir umhverfisnefndir og þá sem vinna að umhverfismálum hjá sveitarfélögum.



Markmið

Að efla sveitarstjórnir og starfsmenn þeirra og að fylgja eftir hugmyndum um sjálf bæra þróun.

Ábyrgð á framkvæmd

Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

22. Landupplýsingakerfi og sveitarfélög

Meginhugmynd

Að sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins verði gert kleift að nýta sér í vaxandi mæli landupplýsingakerfi í stjórnsýslu. Jafnframt geti þau nýtt sér kosti landupplýsingakerfa við ákvarðanatöku, samþættingu á skráðum upplýsingum og við að auð velda aðkomu almennings að athöfnum stjórnsýslunnar.

Markmið

Að bæta grundvöll ákvarðanatöku sveitarfélaga og auka aðgengi almennings að upplýsingum.

Ábyrgð á framkvæmd

Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.



Verkefni og áherslur í starfi Þróunarsviðs

Þróunarsvið Bygðastofnunar vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja. Þróunarsviðið hefur samstarf við atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni í samræmi við samninga Bygðastofnunar við félögin. Þróunarsviðið hefur samstarf við aðra aðila atvinnulífsins, svo sem ferðamála-fulltrúa og samtök landbúnaðarins. Þróunarsviðið hefur einnig samvinnu við ýmsa aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja umhverfismál, samgöngur, menntun, verslun, þjónustu, menningarmál o.fl. Þá vinnur Þróunarsviðið að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Þá starfa innan sviðsins atvinnu- og jafnréttisráðgjafar í hinum nýju Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurlandshöfðum, og er þar um að ræða verkefni í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Hlutverk þeirra er að efla þátttöku kvenna í atvinnurekstri og veita þeim rekstarráðgjöf.

Þróunarsvið Bygðastofnunar vann að ýmsum verkefnum á árinu 2002. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum helstu áherslum í starfi sviðsins. Á vefsíðu Bygðastofnunar, www.byggdastofnun.is er að finna skýrslur stofnunarinnar og yfirlit yfir helstu verkefni.

Atvinnu- og jafnréttisráðgjafi í Norðausturkjördæmi:

Bygðastofnun og félagsmálaráðuneytið stóðu sameiginlega að ráðningu atvinnu- og jafnréttisfulltrúa í Norðausturkjördæmið og tók ráðgjafinn til starfa í október, aðsetur ráðgjafans er hjá Þróunastofu Austurlands á Egilsstöðum. Um er að ræða nýtt starf sem hefur það að meginmarkmiði að styrkja enn frekar efnahagslega og félagslega stöðu kvenna í kjördæminu. Hugmyndafræðin á bak við hið nýja starf er m.a. sú að með því að

auðvelda konum aðgengi að ráðgjöf sé verið að virkja enn frekar þann mannauð sem býr í þekkingu og sköpunarkrafti kvenna á svæðinu.

Atvinnuþróunarfélög:

Í lögum um Bygðastofnun er kveðið á um að stofnunin taki þátt í að fjármagna atvinnuþróunarfélög í hverju kjördæmi á landinu. Í því skyni hefur Bygðastofnun gert samning við átta atvinnuþróunarfélög víðs vegar um landið. Hlutverk atvinnuþróunarfélaganna er að styrkja atvinnulíf og byggð á starfssvæðum félaganna. Mismunandi er með hvað hætti rekstrarform atvinnuþróunarfélaganna er. Sum eru hlutafélög, önnur rekin á vegum sveitarfélaga og starfsemi sumra byggist á frjálsum framlögum

Atvinnuþróunarfélögin hafa náði samstarf við Bygðastofnun. Á fjárlögum er ákveðið fjármagn til styrktar rekstri félaganna, alls um 100 milljónir króna, og auk þess bætir Bygðastofnun þar við nokkru fjármagni. Bygðastofnun skiptir fjármagninu milli félaganna og greiðir það samkvæmt samningi við hvert félag, þar sem tilgreind eru þau verkefni, sem félagið tekur að sér. Meðal helstu verkefna má nefna atvinnu- og byggðapróun, sem felur í sér mótun samræmdrar stefnu varðandi atvinnu- og byggðapróun á starfssvæði félagsins í samvinnu við sveitarfélög, fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila eftir því sem þurfa þykir. Atvinnuþróunarfélagið veitir ráðgjöf við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Áhersla skal lögð á nýstofnuð fyrirtæki, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum og fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðarlaga. Félagið veitir upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila og leitar samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum. Atvinnuþróunarfélagið vinnur í samstarfi við sveitarfélög, opinbera aðila og félagsamtök að eflingu

búsetuþátta, sem m.a. snúa að samgöngum, verslun og þjónustu, húsnæðismálum, félagslegu umhverfi, menntunar- og menningarmálum. Í fjárveitingu til félaganna er einnig gert ráð fyrir verkefnastyrkjum, og getur atvinnuþróunarfélagið sótt um stuðning við sérstök verkefni á sviði atvinnu- og byggðapróunar á starfsvæði sínu.

Auk þessa fylgist Bygðastofnun með starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og veitir þeim ýmis konar ráðgjöf einkum í því skyni að ná markmiðum stjórnvalda í landsbyggðarmálum.

Bygðaaætlun 2002-2005:

Starfsmenn Bygðastofnunar sátu í þremur starfshópum sem unnu að undirbúningi nýrrar bygðaaætlunar fyrir árin 2002-2005. Starfshóparnir fjölluðu um alþjóðasamvinnu, atvinnumál og fjarskiptamál. Þeir skiluðu tillögum til stýrihóps verkefnisins, en í honum sátu m.a. formaður og varaformaður stjórnar Bygðastofnunar. Stýrihópurinn skilaði síðan tillögu til iðnaðarráðherra sem vann endanlega tillögu sem lögð var fyrir Alþingi á vordögum 2002. Þá tók forstöðumaður þróunarsviðs þátt í starfshópum um undirbúning Nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri og bygðaaætlunar fyrir Eyjafjörð.

Bygðaaætlun fyrir Eyjafjörð:

Á árinu hófst vinna við sérstaka bygðaaætlun fyrir Eyjafjörð, sem standa mun til ársloka 2004. Iðnaðarráðherra skipaði sérstaka verkefnisstjórn sem kom saman til fyrsta fundar í nóvember og ákvað jafnframt að starfsmaður iðnaðarráðuneytis inni með nefndinni. Einnig óskaði ráðherra eftir að starfsmaður Bygðastofnunar yrði sérstakur starfsmaður nefndarinnar. Nefndin hefur fundað reglulega, kynnt sér erlenda ráðgjöf í byggðamálum og meðal annars gert tillögu til ráðherra um starfshópa sem móta eiga tillögur á sérsviðum. Starfshóparnir fjalla um eftirfarandi: 1. Samkeppnishæfni, atvinnumál og nýsköpun, 2. Ferðaþjónusta, menningarmál og félagsmál, 3. Bygðatengsl og sveitarfélög, 4. Heilbrigðisþjónusta, 5. Skóla- og fræðslumál, 6. Samgöngur og 7. Erlenda ráðgjöf um byggðamál.

Erlent samstarf:

Bygðastofnun tekur eftir atvikum þátt í erlendum samstarfsverkefnum á sviði byggða- og atvinnuþróunar, m.a. innan ramma Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Forstöðumaður þróunarsviðs situr í sérfræðiráði Nordregio sem er samnorræn rannsóknastofnun á sviði skipulags- og byggðamála og í Norrænu embættismannanefndinni um stefnu í byggðamálum (NERP). Stofnunin hefur einnig faglegt samstarf við ýmsa erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Bygðastofnun hefur umsjón með tveimur erlendum verkefnum á sviði byggðamála, þ.e. NORA og NPP og er nánari grein gerð fyrir þeim hér á eftir.

Norræna Atlantsnefndin – NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og telst þar vera hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamvinnu. Starfsvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður- og Vestur Noregur. NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarf.

Norðurslóðaaætlunin (NPP) er samstarfsáætlun á vegum Evrópusambandsins. Áætluninni er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum meðal svæða á norðlægum slóðum í Evrópu. Áherslur verkefna geta tengst samgöngu- og fjarskiptamálum, atvinnuþróun eða eflingu samfélaga. Þátttökulönd í áætluninni eru norðurhérað Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands ásamt Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Einnig geta aðilar frá norðvesturhluta Rússlands tekið þátt í verkefnum. Íslendingar taka nú þegar þátt í fimm Norðurslóðaverkefnum.

Innan Norðurslóðaaætlunarinnar eru reglulega haldin svokölluð verkefnastefnumót. Markmið þeirra er að leiða saman aðila með verkefnahugmyndir og auðvelda þannig leit að samstarfsaðilum. Bygðastofnun, í samvinnu við NORA og Norðurslóðaaætlunina, skipulagði stórt verkefnastefnumót á árinu 2002 sem haldið var í Svartsengi dagana 13.-14. september. Um 230 manns tóku þátt í mótinu þar af 128 erlendir gestir. Kynntar voru yfir 80 hugmyndir að verkefnum í 6 samhliða málstofum. Verkefnastefnumótið tókst vel og þátttakendur fóru heim með mikið af upplýsingum um verkefni sem verið er að þróa innan Norðurslóðaaætlunarinnar.



Ferðapjónusta:

Byggðastofnun hefur komið að uppbyggingu ferðapjónustunnar á ýmsan hátt. Annars vegar hafa verið veittir styrkir og lán, bæði til affreyingar og grunngerðar. Og hins vegar hefur þróunarsviðið komið að ýmsum verkefnum í samvinnu við atvinnu- og ferðamálafulltrúa á landsbyggðinni. Ágætur grunnur fyrir samstarf er á Byggðabrúnni þar sem þróunarsviðið skipuleggur fjarfundi í samvinnu við ferðamálafulltrúa og ýmis samtök á sviði kynninga og fræðslumála er varða ferðapjónustuna. Félag ferðamálafulltrúa Íslands (FFÍ) hittist á samráðsfundum tvisvar á ári og mætir fulltrúi Byggðastofnunar á þá fundi. Byggðastofnun aðstoðaði fulltrúa stjórnar FFÍ vegna þátttöku þeirra á ráðstefnu European Tourist Officers (EUTO). En eitt af verkefnum þróunarsviðsins er að styrkja FFÍ eins og kostur er og aðstoð við þátttöku í Evrópusamstarfi er mikilvægur liður í því. Á þann hátt verða atvinnu- og ferðamálafulltrúar á landsbyggðinni betur í stakk búnir til þess að miðla þekkingu og reynslu til atvinnugreinarinnar og styðja við bakið á ferðapjónustuaðilum á Íslandi.



Landbúnaður:

Áfram hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu loðdýraræktar og mun henni verði lokið á fyrrihluta 2003. Á fundi Ríkisstjórnar Íslands 1. mars 2002 var samþykkt að beina því til Byggðastofnunar að hún skuldbreytti lánnum loðdýrabænda að fjárhæð allt að 110 milljónum.

Haustið 2001 beindi Ríkisstjórn Íslands því til stjórnar Byggðastofnunar að hún veitti sláturleyfishöfum bakábyrgð á afurðalán með það að markmiði að ná

fram lækkingu vaxta. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti að verða við þeim tilmælum og ákvað að veita einfalda ábyrgð á afurðalánum vegna kindakjötsframleiðslu 2001 með skilyrðum. Ákveðið var að veita áframhaldandi ábyrgðir vegna kindakjötsframleiðslu haustið 2002 og náði ábyrgð stofnunarinnar til 9 sláturleyfishafa.

Menningarmál:

Menningarráðgjafi Byggðastofnunar var atvinnuráðgjöfum, sveitarfélögum, menningarstofnunum og einstaklingum til aðstoðar og ráðgjafar í sambandi við ýmis málefni á sviði menningarstarfs á landsbyggðinni. Vann ráðgjafinn að eflingu samstarfs og tengslaneti við þá er starfa að menningarmálum á landsbyggðinni.



Menntun:

Þróunarsviðið vinnur að eflingu menntunar á landsbyggðinni í samvinnu við menntamálaráðuneytið, símenntunarmiðstöðvar, háskóla og samtök á sviði menntunar. Sérstök áhersla er lögð á fjarkennslu og fer hún að miklu leyti fram gegnum fjarfundabúnað, Byggðabrúna, sem upphaflega var keyptur af Byggðastofnun og Landssímanum. Fjarkennsla er liður í að jafna aðstöðu til menntunar og bæta þar með búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Með því móti gefst nemendum kostur á að afla sér ýmis konar menntunar í heimabyggð sinni, og eru þá minni líkur á að þeir flytji brott úr byggðarlaginu að loknu námi. Fjarkennsla er einnig mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu með því að auka þekkingu á sviði atvinnuveganna.

Rafrænt samfélag:

Unnið var að undirbúningi verkefnisins Rafrænt samfélag sem er verkefni þar sem tvö byggðarlög á landsbyggðinni verða valin í kjölfar samkeppni til að taka þátt í þróunarverkefni á árunum 2003 - 2005. Takmark verkefnisins er að stuðla að uppbyggingu rafrænna samfélaga á landsbyggðinni svo íbúar geti til fullnustu nýtt sér þann ávinning sem upplýsinga- og fjarskiptatæknin býður upp á. Verkefninu er ætlað að hafa sem viðtækust áhrif á þróun viðkomandi byggðarlaga og þeim er síðan ætlað að verða fyrirmyndir fyrir önnur sem munu geta hagnýtt sér reynslu þeirra og þekkingu.

**Rannsóknir:**

Þróunarsviðið vann að ýmsum rannsóknum á árinu. Auk eigin rannsóknagerir stofnunin samninga við rannsóknastofnanir og háskóla um einstök verkefni. Byggðastofnun gerði þannig samning við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um rannsóknarverkefni um stöðgreinar sjávarútvegs. Þar eru tekin til skoðunar áhrif aukinnar tækni í sjávarútvegi og reynt að meta hvaða störf hafa skapast í tengslum við háþróaðri sjávarútveg, hvar þau störf hafa orðið til og hvort unnt sé að flytja þau út á landsbyggðina í auknum mæli. Skýrslan Stöðgreinar útgerðar og fiskvinnslu kom út í maí 2002 og er birt á vefsíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Vísindadagar 2002:

Byggðastofnun tók þátt í Vísindadögum 2002 með því að hafa opið hús þann 6. nóvember. Meðal þess sem gestir gátu fylgst með voru fyrirlestrar um rannsóknir um hagrænar og félagslegar afleið-

ingar umskipta í sjávarútvegi, og um þróun byggðastefnu í Noregi og Íslandi. Kynnt var ný rannsókn um fátækt á Íslandi og sjálfbærni í ferðamennsku í dreifbýli auk erindis um þátt menntunar í búsetuþróun. Hátt í annað hundrað manns sótti Byggðastofnun heim þennan dag og sérstaklega var ánægjuleg að hve ungt fólk var fjölmennt og áhugasamt. En markmiðið með Vísindadögum var að kynna almenningi gróskuna í vísinda- og tæknisamfélaginu og gera það sýnilegra og vekja athygli á mikilvægi þess. Byggðastofnun kynnti tillögur gildandi byggðaáætlunar í tengslum við Vísindadaga 2002.

Önnur rannsóknarverkefni:

Þróunarsviðið vinnur að umfangsmikilli fyrirtækjakönnun sem hefur það að markmiði að kanna efnahagslegar og félagslegar aðstæður atvinnurekenda. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst m.a. í þeirri áhersla að afla upplýsinga um stöðkerfi atvinnulífsins, hvernig það nýtist fyrirtækjum og á að finna leiðir til að styrkja stöðir litilla fyrirtækja og örfyrirtækja til hagsbóta fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag. Vísindalegt gildi felst í því að afla aukinnar þekkingar og skilnings á aðstæðum atvinnurekenda í litlum fyrirtækjum og örfyrirtækjum sem er félagshópur sem lítið hefur verið rannsakaður hérlendis. Lokaskýrsla rannsóknarinnar er væntanleg á haustdögum 2003.

Þróunarsviðinu var falið á árinu 2002 að kanna hvernig styrkir til einstaklinga úr opinberum sjóðum til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni hafi skipst á milli kvenna og karla. Úttektin er liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Annað:

Auk þess sem hér hefur verið talið, tekur þróunarsviðið þátt í ýmsum starfshópum og nefndum. Þá tekur sviðið þátt í ýmsum ráðstefnum og starfsmenn flytja fyrirlestra um byggðamál ef um er beðið. Loks má nefna gagnasöfnun, svör við fyrirspurnum og umsagnir um þingmál og umhverfismat.

Fjárhagur og rekstur

Á árinu 2002 var tap af rekstri stofnunarinnar samkvæmt rekstrarreikningi, sem nam 480,5 m.kr. Engin framlög voru úr ríkissjóði á árinu 2002, vegna þátttöku Bygðastofnunar í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni, en þessi framlög námu 300 m.kr. á árinu 2001. Í ársbyrjun voru 36,9 milljónir króna greiddar út vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi forstjóra, en hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu var 38,2 milljónir króna. Í samræmi við reglur FME er sú hækkun færð sem vaxtagjöld á rekstrarreikningi.

Rekstrargjöld stofnunarinnar voru samtals rúmlega 1.134 m.kr. og skiptast þau þannig, að um 875 m.kr. eru vegna lánaumsýslu og er stærsti einstaki liður þar framlög í afskriftareikningi útlána um 708 m.kr. Sérgreindur kostnaður vegna þróunarstarfssemi er um 259 m.kr. og er stærsti einstaki liðurinn styrkir, um 157 m.kr., sem stofnunin veitir til ýmissa aðila, t.d. til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.

Vergur rekstrarkostnaður Bygðastofnunar árið 2002 var um 261 m. kr. og hafði hækkað um 8,8 % frá fyrra ári. Kostnaðarþátttaka annarra nam um 11 m.kr. Hreinn rekstrarkostnaður stofnunarinnar var því um 250 m.kr. en nam um 229 m.kr. árið áður.

Niðurstaða efnahagsreiknings Bygðastofnunar var 13.173 m. kr. um síðustu áramót en nam 13.073 m.kr. í árslok 2001.

Talnakönnun hf. hefur reiknað út áfallna lífeyrisskuldbindingu stofnunarinnar í árslok 2002. Lífeyrisskuldbindingar voru 499,8 m.kr. í ársbyrjun en 501,1 m.kr. í árslok.

Eigið fé í árslok var 1.692 m. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og lækkaði um 481 m. kr. á árinu. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði var 11,78 %. Varanlegir rekstrarfjármunir Bygðastofnunar voru 6,2 % af eigin fé. Hlutfall eigin fjár stofnunarinnar af heildareign var 16,7 % í upphafi ársins en 12,8 % í árslok.

Samkvæmt lögum skal Bygðastofnun njóta framlags úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, og nam það 277 m. kr. á árinu 2002. Framlag ríkissjóðs vegna eignarhaldsfélaga nam 300 m.kr. á árinu 2001 en var fellt niður á árinu 2002.

Fjárlög fyrir árið 2002 heimiluðu stofnuninni lántökur allt að 1.300 m.kr. Stofnunin átti ónotaðar eldri heimildir að fjárhæð 1.100 m.kr. Samtals námu því lántökuheimildir 2.400 m.kr. á árinu 2002.

Stofnunin tók lán að fjárhæð 11,6 m. EUR hjá Dresdner Bank Aktiengesellschaft. Lánið endurgreiðist í einu lagi á árinu 2007, en vextir greiðast ársfjórðungslega. Vextir af láninu eru breytilegir og miðast þeir við 3 mánaða EURIBOR með 0,30 % álagi.

Stofnunin tók ennfremur lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum að fjárhæð 10,5 m. USD. Lánið greiðist upp á 15 árum með tveimur gjalddögum afborgana og vaxta árlega. Vextir af láninu eru breytilegir og miðast þeir við 6 mánaða LIBOR með 0,20 % álagi.

Í árslok 2002 átti stofnunin ónotaða lántökuheimild að fjárhæð 387 m.kr.

Heildarútlán námu 11.695 m.kr. í árslok 2002 en voru 11.637 m.kr. í árslok 2001. Í árslok 2002 voru vanskil 8,06 % af útlánunum, en þau voru 8,11 % í árslok 2001. Virði innleystra eigna var 342 m.kr. um síðustu áramót en hafði verið 250 m.kr. árið áður. Reynt er að meta eignir á raunhæfu söluverði.

Framlög í afskriftareikningi útlána og niðurfært hlutfé nam 709 m.kr. á árinu 2002 en var 572 m.kr. á árinu 2001. m.kr. Afskriftareikningur útlána var 1.644 m.kr. í árslok, sem var 12,7% af heildarútlánunum. Samsvarandi hlutfall árið áður var 11,7 %. Með tilliti til hlutverks stofnunarinnar er óhjákvæmilegt að afskriftareikningur hennar sé nokkru hærri en hjá öðrum lánastofnunum.

LÁNSKJÖR - Lánskjör í árslok 2002

- Verðtryggð lán eru með 7,7% vöxtum.
- Gengistryggð lán eru veitt í tveimur myntum, Bandaríkjadal og Evru. Þau eru með breytilegum vöxtum (sex mánaða LIBOR) með 2,25 % álagi. Samanlagt voru vextir í árslok 2002 á lánunum í Bandaríkjadöllum 3,64% og á lánunum í Evru 5,09%.
- Lántökugjald er 1,5%.
- Lánstími getur verið frá 6-20 ár, en algengast er 10-15 ár.

Sérgreindur rekstrarreikningur ársins 2002

	Lánaumsýsla Þús.kr.	Próunarstarfsemi Þús.kr.	Samtals Þús.kr.
VAXTATEKJUR			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	15.944		15.944
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	1.046.710		1.046.710
	1.062.654		1.062.654
VAXTAGJÖLD			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	489.188		489.188
Önnur vaxtagjöld	53.442		53.442
	542.630		542.630
HREINAR VAXTATEKJUR	520.024		520.024
REKSTRARTEKJUR			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum		277.000	277.000
Gengismunur	-159.663		-159.663
Aðrar rekstrartekjur	13.274	3.368	16.642
	-146.389	280.368	133.979
HREINAR REKSTRARTEKJUR	373.635	280.368	654.003
REKSTRARGJÖLD			
Veittir styrkir til atvinnuráðgjafa		107.000	107.000
Veittir aðrir styrkir		50.443	50.443
Laun og launatengd gjöld	95.471	57.548	153.019
Annar rekstrarkostnaður	63.974	44.182	108.156
Afskriftir fasteigna	7.065		7.065
Framlög í afskriftareikning útlána	708.843		708.843
	875.353	259.173	1.134.526
Hagnaður (tap) ársins af reglulegri starfsemi	-501.718	21.195	-480.523
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	-501.718	21.195	-480.523



**Ársreikningur
Byggðastofnunar
2002**

Áritun stjórnar Byggðastofnunar

Ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2002 er gerður eftir hliðstæðum reikningsskilavenjum og undanfarin ár. Á árinu varð tap af rekstri stofnunarinnar samkvæmt rekstrarreikningi sem nam 480,5 m. kr. Eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 1.692 m. kr. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði er 11,78%.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Akureyri, 24. mars 2003

Jón Sigurðsson

Formaður stjórnar

Guðjón Guðmundsson Arnbjörg Sveinsdóttir
Drífa Hjartardóttir Gunnlaugur Stefánsson
Elisabet Benediktsdóttir Órlygur Hnefill Jónsson

Aðalsteinn Þorsteinsson

Forstjóri

Friðbjófur Max Karlsson

Forstöðumaður rekstrarsviðs

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2002 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Byggðastofnunar á árinu 2002, efnahag hennar 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 24. mars 2003

Árni Snæbjörnsson

ERNST & YOUNG HF.

REKSTRARREIKNINGUR 2002

	<i>Skýring</i>	2002	2001
		Þús. kr.	Þús. kr.
VAXTATEKJUR			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		15.944	30.562
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum		1.046.710	1.497.375
		1.062.654	1.527.938
VAXTAGJÖLD			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum		489.188	864.169
Önnur vaxtagjöld		53.442	73.525
Gjaldfærsla vegna verðbreytinga	1	0	108.990
		542.630	1.046.684
	<i>Hreinar vaxtatekjur</i>	520.024	481.254
REKSTRARTEKJUR			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum		277.000	312.800
Framlag ríkissjóðs skv. fjárukalögum		0	4.000
Gengismunur		(159.663)	101.011
Aðrar rekstrartekjur		16.642	59.442
		133.980	477.253
	<i>Hreinar rekstrartekjur</i>	654.004	958.506
REKSTRARGJÖLD			
Veittir styrkir til atvinnuráðgjafa		107.000	103.000
Veittir aðrir styrkir		50.443	27.495
Laun og launatengd gjöld	5	153.019	144.930
Annar rekstrarkostnaður		108.157	95.050
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		7.065	2.584
Framlög í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutfé	2	708.843	572.270
		1.134.527	945.328
Hagnaður (tap) ársins af reglulegri starfsemi		(480.523)	13.178
AÐRAR TEKJUR OG GJÖLD			
Framlög ríkissjóðs		0	300.000
		0	300.000
Hagnaður ársins		(480.523)	313.178

Efnahagsreikningur

EIGNIR	Skýring	2002 Þús. kr.	2001 Þús. kr.
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir			
Bankainnstæður og verðbréf		266.986	498.081
		<u>266.986</u>	<u>498.081</u>
Útlán			
Útlán til viðskiptavina	1,6	11.354.105	11.387.136
Fullnustueignir		341.635	250.128
		<u>11.695.740</u>	<u>11.637.265</u>
Hlutdeildarskírteini og eignarhlutir í félögum			
Hlutdeildarskírteini		0	2.135
Hlutabréf	7	1.093.343	680.425
		<u>1.093.343</u>	<u>682.560</u>
Aðrar eignir			
Skuldunautar		11.321	167.108
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,8	105.332	87.894
		<u>116.653</u>	<u>255.002</u>
Eignir samtals		<u>13.172.722</u>	<u>13.072.909</u>

31. desember 2002

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	Skýring	2002 Pús. kr.	2001 Pús. kr.
Lántökur			
Verðbréfaútgáfa	1,10	3.551.623	3.321.161
Lán frá lánastofnunum		7.181.366	6.872.718
		<u>10.732.988</u>	<u>10.193.879</u>
Aðrar skuldir			
Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða		63.666	50.625
Skuldheimtumenn		182.698	155.810
		<u>246.364</u>	<u>206.435</u>
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbindingar	3	501.158	499.860
		<u>501.158</u>	<u>499.860</u>
Skuldir samtals		<u>11.480.511</u>	<u>10.900.174</u>
Eigið fé	4,11	<u>1.692.211</u>	<u>2.172.735</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>13.172.722</u>	<u>13.072.909</u>
Utan efnahagsreiknings			
Veittar ábyrgðir		1.502.701	1.182.227

Sjóðstreymi 2002

	2002 Pús. kr.	2001 Pús. kr.
Handbært fé (til) frá rekstri		
Hagnaður (tap) ársins	(480.523)	313.178
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:</i>		0
Framlag í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutafé	712.567	573.435
Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga	38.244	86.525
Gjaldfærsla vegna verðbreytinga	0	108.990
Afskriftir fasteigna	7.065	2.584
Vextir, verðbætur og gengismunur	361.585	(472.815)
(Söluhagnaður) tap eigna	0	(41.443)
Ógreiddir styrkir	2.150	150
Hreint veltufé frá rekstri	641.088	570.604
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána	902.747	902.274
Hlutdeildarskírteini	2.203	196.407
Veitt lán	(2.143.858)	(1.621.167)
Innleystar eignir	(340.211)	(62.736)
Hlutabréf	(518.661)	(273.038)
Innréttingar	(23.731)	(5.843)
Seldar fasteignir	0	39.983
Keypt fasteign	(771)	(14.440)
Greidd út lífeyrisskuldbinding	(36.946)	0
Skuldunautar	155.787	(152.391)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.003.442)	(990.951)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum	(574.384)	(519.499)
Nýjar lántökur	1.922.969	1.000.000
Skammtímalán	(242.063)	247.487
Skuldheimtumenn	24.738	14.249
Fjármögnunarhreyfingar	1.131.259	742.236
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(231.096)	321.890
Handbært fé í ársbyrjun	498.081	176.192
Handbært fé í árslok	266.986	498.081

Skýringar með ársreikningi 2002

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Byggðastofnunar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Gengismunur er nú færður undir liðnum rekstrartekjur í rekstrarreikningi, en var áður færður með vaxtatekjum og vaxtagjöldum. Til samræmis er samanburðartölum fyrra árs breytt.

Ársreikningurinn er án verðleiðréttinga. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 144/1994 þess efnis að afnumin voru ákvæði laganna um heimild til verðleiðréttinga reikningsskila vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Taka þarf tillit til þess við samanburð við fyrri ársreikning að ekki er um sama afkomuhugtak að ræða. Helsta breytingin er sú að ekki reiknast gjaldfærsla vegna verðbreytinga, en hún nam 109 millj. kr. árið áður.

Afskriftir eru reiknaðar sem árlegur hundraðshluti af framreiknuðu stofnverði í árslok 2001, en af kostnaðarverði frá og með 1. janúar 2002. Nánar er getið um afskriftir í skýringu nr. 8.

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2003. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok og skuldir í erlendum gjaldmiðlum í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok.

2. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftareikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

3. Lífeyrisskuldbindingar

Samkvæmt útreikningi tryggingafræðings eru lífeyrisskuldbindingar áætlaðar 501 milljónir króna í árslok 2002. Í samræmi við reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana eru reiknaðir vextir og verðbætur á áfallnar lífeyrisskuldbindingar sem færast meðal vaxtagjalda, en á móti sem hækkun á lífeyrisskuldbindingum.

4. Eigið fé

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði skal eigið fé lánastofnunar á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af svonefndum áhættugrunni. Í árslok 2002 var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar samkvæmt framsögu 11,78%.

	2002	2001
5. Laun og launatengd gjöld		
	Þús. kr.	Þús. kr.
Laun	115.557	111.319
Lífeyrissjóðsframlög	30.179	26.967
Önnur launatengd gjöld	7.283	6.644
	<u>153.019</u>	<u>144.930</u>

6. Útlán

Sundurliðuð eftir lántakendum		
Bæjar- og sveitarfélög	2,14%	1,57%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur	50,60%	55,30%
Iðnaður	12,85%	12,33%
Þjónustustarfsemi	24,94%	22,74%
Fiskeldi	4,09%	3,38%
Ósundurliðuð	5,39%	4,68%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	2002	2001
	Þús. kr.	Þús. kr.
Gjaldkræf	904.306	931.900
Allt að ári	1.317.299	1.199.278
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.796.757	3.929.460
Yfir 5 ár	5.335.742	5.326.498
	<u>11.354.104</u>	<u>11.387.136</u>

Fullnustueignir

Fasteignir	336.936	224.824
Lausafjármunir	4.699	25.304
	<u>341.635</u>	<u>250.128</u>

Afskriftareikningur útlána

Samkvæmt reglugerð Byggðastofnunar skal mynda afskriftareikning útlána er sýni á hverjum tíma þá áhættu sem tekin hefur verið og fölginn er í útlánnum stofnunarinnar. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um lánveitingar, ábyrgðir og hlutafjárþátttöku skal taka tillit til þeirrar áhættu sem af þeim leiðir, með framlagi í afskriftareikning. Þannig er myndaður afskriftareikningur gagnvart sérhverri lánveitingu stofnunarinnar.

Hreyfingar í þús. króna:	2002	2001
Afskriftareikningur		
í ársbyrjun	1.502.391	1.267.666
Framlag í afskriftareikning	590.058	509.566
Endanlega töpuð útlán	(451.936)	(276.006)
Innkomið áður afskrifað	3.724	1.165
	<u>1.644.237</u>	<u>1.502.391</u>

7. Hlutafjäreign

Í árslok átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf, sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

	Eignarhluti %	Nafnverð Þús. kr.
Eignarhaldsfélög:		
Eignarhaldsfélag Austurlands hf	40,00%	120.000
Eignarhaldsfélag Suðuresja hf	32,66%	96.840
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf	40,00%	109.160
Eignarhaldsfélag Vestfjarða hf	33,97%	3.438
Eignarhaldsf. Vestmannaeyja hf	31,40%	78.500
Eignarhaldsfélagið Brú hf	4,76%	10.000
Eignarfélagið Hallormur ehf.	20,00%	5.200
Vesturland hf. eignarhaldsfélag	40,00%	28.541
Tækifæri ehf	39,99%	217.072
Eignarhaldsfélög samtals		668.751

Atvinnuþróunarfélög:

Atvinnuþróunarf. Vestfjarða hf	20,00%	1.200
Atvinnuþróunarf. Þingeyinga hf	33,30%	1.500
Hagfélagið hf	28,90%	500
Atvinnuþróunarfélög samtals		3.200

Önnur félög:

Alpan hf.	0,82%	1.137
Álfasteinn hf.	22,86%	4.000
Ásgarður ehf.	17,77%	15.000
Bakkavík hf.	19,77%	31.097
Bær hf.	9,16%	8.209
Dalagisting ehf.	17,94%	8.000
Dyngja ehf.	19,98%	8.000
Eðalis hf.	11,06%	3.000
Eldisfóður hf.	40,00%	1.200
Fiskgæði ehf.	30,04%	20.000
Fiskvinnslan Fjölur hf.	20,00%	100.000
Fiskvinnslan Drangur hf.	21,76%	2.762
FjarMark ehf.	29,41%	10.000
Fjarvinnsla Suðureyrar ehf.	27,03%	300
Fóðuriðjan Ólafsdal ehf.	28,57%	6.000
Gefla hf.	28,04%	21.000
Grand hótél Mývatn ehf.	15,50%	10.000
Hitaveita Dalabyggðar	26,67%	20.000
Hótél Ísafjörður hf.	20,31%	12.400
Hótél Hellissands hf.	8,62%	5.000
Hvalamiðstöðin Húsavík	19,70%	2.000
Hvitt og svart ehf.	30,05%	5.800
Íslandsfugl ehf.	13,61%	30.000
Íslenska magnesíumfélagið hf.	2,58%	11.000
Ísprjón ehf.	33,07%	20.925
Langjökull ehf.	19,99%	2.800
Ljósavík ehf.	5,47%	714
Lónið ehf.	20,66%	4.000
Mýflug hf.	25,79%	8.789
Mýrdælingar ehf.	23,85%	2.000
Netagerð Vestfjarða ehf	19,72%	7.000
Norðvesturbandalagið hf.	3,61%	10.000
Óley ehf.	0,00%	10.000
Reynihlið ehf.	28,92%	5.263
Saumastofan Borg ehf.	19,82%	1.700
Sindrabergr ehf.	24,00%	30.000
SÍF hf.	0,03%	401
Sláturfélag Austurlands fsvf.	31,36%	18.000

Sláturfélag Dalamanna ehf	94,83%	11.000
P/F Smyril-line	0,04%	55.650
SMS-samskipti með síma ehf.	26,83%	3.300
Snerpa ehf	21,43%	750
Snorri Þorfinnsson	14,33%	6.000
Strandberg ehf	20,00%	10.000
Sumarbyggð ehf	23,36%	2.500
Sæferðir ehf	24,39%	20.000
Trésmiðjan Borg ehf	23,32%	3.333
Tröllasteinn ehf	18,92%	7.000
VoiceEra ehf	20,00%	400
Þörungarverksmiðjan hf	32,16%	7.919
Önnur félög samtals þús. kr.		585.349

Hlutafjäreign samtals þús. kr. 1.257.300

Hlutabréf eru bókfærð í ársreikningi á kr. 1.093.343 þús. kr.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, og afskriftir greinast þannig í þús. króna:

	Fasteignir Innréttingar	
Stofnverð 1.1.	95.034	5.870
Viðbót á árinu	771	23.731
Stofnverð 31.12	95.806	29.601
Afskrifað 1/1	13.010	0
Afskrifað á árinu	1.916	5.149
Afskrifað samtals	14.926	5.149
Bókfært verð 31.12	80.880	24.452

Fasteignamat húsa og lóða í árslok nam 40,2 milljónum króna. Brunabótamat sömu eigna nam á sama tíma 96,5 milljónum króna.

9. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiölum - verðtryggingu

	2002 Þús. kr.	2001 Þús. kr.
Gengisbundið:		
Gengisbundnar eignir	5.252.094	5.753.214
Gengisbundnar skuldir	6.939.583	6.575.166
Mismunur	<u>(1.687.489)</u>	<u>(821.952)</u>
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	6.255.498	5.650.159
Verðtryggðar skuldir	3.793.405	3.618.712
Mismunur	<u>2.462.093</u>	<u>2.031.447</u>

10. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	2002 Þús. kr.	2001 Þús. kr.
Allt að ári	1.046.179	1.082.063
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	5.373.328	4.533.995
Yfir 5 ár	4.313.481	4.577.821
Samtals	<u>10.732.988</u>	<u>10.193.879</u>

11. Eigið fé

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga

	2002 Þús. kr.	2001 Þús. kr.
Eiginfjárbáttur A	1.692.211	2.172.735
Samtals	<u>1.692.211</u>	<u>2.172.735</u>
Áhættugrunnur	14.365.318	13.210.476
Eiginfjárlutfall	<u>11,78%</u>	<u>16,45%</u>
	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2002	2.172.735	2.172.735
Tap ársins	(480.523)	(480.523)
Samtals	<u>1.692.211</u>	<u>1.692.211</u>

Útborgaðir styrkir

Eftirfarandi listi miðast við útborgaða styrki á árinu. Á rekstrarreikningi kemur til viðbótar gjaldfærsla vegna samþykktra styrkja sem ekki hafa verið borgaðir út, en til frádráttar kemur samskonar gjaldfærsla frá árinu áður vegna þeirra styrkja sem þá voru samþykktir en ógreiddir.

	Þús. kr.		Þús. kr.
Akranes Byggðasafn Akraness og nærsveita - sýning á íþróttasögu Íslands	500	Þórshöfn Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur - starfsemi ferðamálafulltrúa Þistilfjarðar og Langanes	500
Borgarbyggð Borgarbyggð - málþing um atvinnumál, menntun og búsetu	200	Norður-Hérað Þernuklettur ehf. - fasanaeldi	500
Dalabyggð Ungmennafélagið Ólafur pá - kaup á líkamsræktartækjum	400	Austur-Hérað Óperustúdíó Austurlands - „Bjartar nætur í júní 2002“	400
Ísafjarðarbær Rætur, áhugahópur um menningarfjölbreytni - þjóðahátíð á Vestfjörðum	300	Sigurður Sigþórsson - smíði frumgerðar af „orkuslá“	300
Bolungarvík Bæjarstjórn Bolungarvíkur - Náttúrugripasafn Bolungarvíkur	500	Þróunarstofa Austurlands - Small town clusters verkefnið	800
Leið ehf. - undirbúningur vegna vegalagningar milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar	1.000	Seyðisfjörður Stefán P. Jónsson - breytingar á bát	300
Árneshreppur Ásbjörn Þorgilsson - vetrarsamgöngur	1.000	Stefán S. Magnússon - uppbygging á ferðaþjónustu í Stakkahlíð í Loðmundarfirði	500
Hólmavíkurhreppur Jón Halldórsson - vetrarsamgöngur	1.000	Fellahreppur Landgræðsla Héraðsbúa - uppgræðsla rofabarða	340
Skagafjörður Jón Eiríksson - endurbætur á Grettislaug	500	Borgarfjörður eystri Sjálfséignarstofnunin Kjarvalsstofa - stofnun Kjarvalsstofu	400
Kvenfélag Sauðárkróks - dægurlagakeppni Kvenfélags Sauðárkróks 2002	200	Fáskrúðsfjörður Albert Eiríksson - heimildaröflun fyrir sýninguna „Fransmenn á Íslandi“	500
Siglufjörður Þróttur verkefni um atvinnu og ferðamál	2.000	Breiðdalshreppur Gamla Kaupfélagið - endurbygging kaupfélagshúss	400
Akureyri Akureyrarbær - verkefnið „Vestnorden ár 2002“	300	Hornafjörður Nýheimabúðir ehf. - nýsköpunarmiðstöð	400
Háskólinn á Akureyri - Bygðarannsóknarstofnun	5.500	Árborg Anna M. Guðmundsdóttir og Inga Holdó - falinn fjársjóður	200
SÍK, samtök íslenskra kræklingaræktenda - vinnslubúnaður fyrir krækling	600	Árborg Jarðgull ehf. - framleiðsla - grunnsóði í sósur	400
Hrísey Húsfélagið Hákarla-Jörundur - sýning um hákarlaveiða	500	Gnúpverjahreppur Ábótinn ehf. - lagning ljósleiðara úr Bürfellslinu í Gnúpverjaskóla	400
Húsavík Bjartsýnisfélagið Verðandi - rekstrarkostnaður af starfsemi félagsins	150		
Raufarhöfn Róbert Bjarnason - fjárfesting í gervihnattarmóttökudiski	110		

	Þús. kr.		Þús. kr.
Hveragerði		Reykjavík	
Hreint vatn ehf. - athugun á möguleikum á útflutningi vatns sem heilsuvöru	500	Átak um leit að jarðhita á köldum svæðum - áframhald verkefnis um 1 ár	10.000
Skaftárhreppur - uppbygging varmaendurvinnslu á Kirkjubæjarklaustri	5.000	Nýsköpunarsjóður - Nýsköpun 2003	5.500
Ólfushreppur/Þorlákshöfn		Skákkfélagið Hrökur - skákmót í Árborg	300
Eggert Sk. Jóhannesson - útflutningur á harðfiski	400	Tefra-films - framleiðsla myndraðar til íslenskukennslu	500
		Vottunarstofan Tún ehf. - lífræn framleiðsla til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni	500
		Þjóðahátið Austfirðinga	300
		Samtals	44.100

Atvinnuráðgjöf

Borgarbyggð	
Atvinnuráðgjöf Vesturlands - atvinnuráðgjöf	15.120
Ísafjarðarbær	
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. - atvinnuráðgjöf	18.120
Blönduós	
lönþróunarfélag Norðurlands vestra - atvinnuráðgjöf	15.120
Akureyri	
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar - atvinnuráðgjöf	8.916
Húsavík	
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf - atvinnuráðgjöf	6.204
Austur-Hérað	
Þróunarfélag Austurlands - atvinnuráðgjöf	18.120
Árborg	
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - atvinnuráðgjöf	15.120
Reykjanes	
Markaðs-atv.málasrifst. Reykjanesbæjar - atvinnuráðgjöf	9.120
Samtals	105.840

Hlutafé

Sæferðir ehf. Stykkishólmur	20.000
Sláturfélag Dalamanna ehf. Dalabyggð	11.000
Fjarvinnslan Suðureyri ehf. Ísafjarðarbær	3.000
Netagerð Vestfjarða hf. Ísafjarðarbær	7.000
Sindraberg ehf. Ísafjarðarbær	30.000
Voiceera á Íslandi ehf. Bolungarvík	6.000
Sumarbyggð hf. Súðavík	2.500
Ísprjón ehf. Húnaþing vestra	20.925
Hvitt og Svart ehf. Skagafjörður	5.800
Trésmiðjan Borg hf. Skagafjörður	5.000
Ljósavík hf. Siglufjörður	25.000
Íslandsfugl ehf. Dalvíkurbyggð	30.000
Tækifæri hf. Akureyri	67.936
Grand Hótel Mývatn ehf. Skútustaðahr.	10.000
Reynihlið hf. Skútustaðahr.	10.000
Gefla hf. Öxarfjarðarhr.	6.000
Eignarhaldsfélag Austurlands Fjarðabyggð	108.000
Sláturfélag Austurlands svf. Breiðdalshr.	18.000
Fiskgæði ehf. Hornafjörður	20.000
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf. Vestmannaeyjar	38.500
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. Árborg	28.600
Eignarhaldsfélagið Brú hf. Árborg	10.000
FjarMark ehf. Árborg	10.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. Reykjanesbær	20.000

Samtals 513.261

Lög um Byggðastofnun

Lög nr. 106 frá 27. desember 1999.

I. KAFLI Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingar­lögum.

3. gr.

Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfundur Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð. Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.
5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutfjárkaup og þátt-

töku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunar­félögum.

9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni.
11. Önnur verkefni sem iðnaðarráðherra felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

5. gr.

Forstjóri.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

6. gr.

Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfsemi,
 - d. lántökur og heildarlántlán,
 - e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI Starfsemi.

7. gr.

Byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum. Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

8. gr.

Rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknnum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr.

Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

10. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr. Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi. Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

12. gr.

Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Önnur ákvæði.

13. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

14. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Fjármagnstekjur.

15. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milli-göngu annarra aðila.

16. gr.

Fjárvarsla.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparissjóðum eða tryggum verðbréfum.

17. gr.

Undanþága frá gjöldum og sköttum.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Reglugerð.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

20. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

REGLUGERÐ fyrir Byggðastofnun

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaoftun og rannsóknunum.

3. gr.

Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótast stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis. Ennfremur skipan og starfskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisástöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr.

Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr.

Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

1. Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
2. Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.
3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.
4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr.

Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinna verkefna. Þar skal einnig vera rekstraráætlun fyrir hvernig en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé. Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftar-

reikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt. Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI Atvinnuráðgjöf.

8. gr. Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja. Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi. Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr. Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu. Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr. Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði. Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnmálaaðgerða á byggðaþróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi, ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr. Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr. Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl.

Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr. Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr. Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti fram-sækinnna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhagslegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr.**Umsóknir um lán.**

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnis-sjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknareyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr.**Eftirgjöf lána.**

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldberum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar Ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr.**Takmarkanir.**

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum:

Hafnafjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaða-hreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærri fjárhæð en svarar til 17% að teknu tillit til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisástoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundraðshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsástoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI**Þátttaka í atvinnurekstri.****18. gr.****Stofnun fyrirtækja.**

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almennt séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutfjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutfjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutfé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutfé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr.**Sala hlutabréfa (eignarhluta).**

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutfjáreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr.**Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.**

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutfjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI**Önnur ákvæði.****21. gr.****Upplýsingar um starfsemi.**

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

22. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milli-göngu annarra aðila.

24. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er

starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimilt í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi. Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

